

**Tónlistardeild**

**Tónsmíðar**

# **Spegilmyndir**

***Aðferðir og fagurfræði þriggja íslenskra tónskálda***

**Ritgerð til BA-prófs í tónsmíðum**

**Guðmundur Óli Norland**

**Haustönn 2016**

**Tónlistardeild**

**Tónsmíðar**

# **Spegilmyndir**

***Aðferðir og fagurfræði þriggja íslenskra tónskálda***

**Ritgerð til BA-prófs í tónsmíðum**

**Guðmundur Óli Norland**

**Kt.: 3009933389**

**Leiðbeinandi: Páll Ragnar Pálsson**

**Haustönn 2016**

Hér er fjallað um innblástur og sköpunarkraft tónskálda og samspilið við margvíslega kunnáttu á sviði tónlistarinnar, reynslu tónskáldanna sjálfra og áhugasvið. Höfundur tók viðtöl við þrjú tónskáld, Kristínu Björk Kristjánsdóttur, Úlfar Inga Haraldsson og Jesper Pedersen, og lagði nokkrar spurningar fyrir þau. Hvað veitir þeim innblástur, hvernig er sköpunarkrafturinn virkjaður? Hvernig koma persónuleg einkenni fram í tónsköpuninni? Hvaða áhrif geta nýir tæknimöguleikar og forrit haft á skapandi hugsun tónskáldsins? Hvers vegna beitir tónskáldið þessum aðferðum sínum og hver er framtíðarsýn þess?

Það sem er heillandi við niðurstöður þessarar úttektar er hve ólík tónskáldin þrjú eru. Hvernig hugsun þeirra, aðferðafræði og áhugasvið eru af ólíkum toga. Eitt sameinar þau öll þrjú samt sem áður: Þau ganga til verks af mikilli ástríðu og hafa á mörgum árum lagt mikið á sig til að þjóna tónlistinni á persónulegan og heiðarlegan hátt. Sama hvaða aðferðum þau beita og hver útkoman verður eru þau öll sjálf sér samkvæm og þess vegna er tónsköpun þeirra áhugaverð.

Kristín sér tónlist sem græðandi smyrsl. Hún ræktar sjálfa sig með hugleiðslu og útivist og lætur þessa sjálfsrækt síðan flæða inn í tónlistina. Úlfar leitar að fegurðinni hvar sem hún kann að leynast og að tengingum sem ekki eru öllum ljósar. Áhugaverður texti getur til að mynda virkjað sköpunarkraft hans. Listamaðurinn er í sambærilegu hlutverki og Skaparinn sjálfur; hann reynir að festa hendur á óreiðunni og gefa henni merkingu. Og loks lætur Jesper tæknina og tækin veita sér innblástur og leysa þann sköpunarkraft, sem býr innra með honum, úr læðingi. Og kryddar síðan allt sem hann gerir með hómor að hætti hússins.

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	5
<b>1. Fagurfræði</b> .....	6
<b>2. Aðferðir og fagurfræði þriggja íslenskra tónskálda</b> .....	8
<b>Spurningar</b> .....	8
<b>Kristín Björk Kristjánsdóttir</b> .....	9
<b>Úlfar Ingi Haraldsson</b> .....	12
<b>Jesper Pedersen</b> .....	16
<b>Niðurlag</b> .....	18
<b>Heimildaskrá</b> .....	21

## Inngangur

Maðurinn hefur mikla þörf fyrir að vera skapandi, rækta sköpunarverk sín og miðla þeim. Miðillinn er þá t.d. tónlist, ritlist, smíði eða þrjónaskapur svo að dæmi séu tekin. Það sem m.a. greinir manninn frá öðrum dýrategunum er geta hans til að ímynda sér atvik, fyrirbæri eða hvorttveggja, sem fyrirfinnast ekki í efnislegum heimi okkar. Þess vegna setur hinn harði veruleiki oft og tíðum hömlur á sköpunarkraftinn sem og drauma okkar. Þegar miðla á sköpunargáfunni kemur til kasta kunnáttu, þekkingar og reynslu. Hér á eftir verður fjallað um þetta viðfangsefni í tengslum við tónlist.

Sá sem býr yfir miklum sköpunarkrafti getur búið til magnað tónverk í kollinum, geimhljóðheim með trommum sem hljóma yfirmáttúrulegar, eins og á þær sé leikið af óþekktum veru úr öðrum heimi. Kannski væri slíkt tónverk best geymt sem hugmynd og draumórar í huga ungs manns en ef til framkvæmdar kæmi þyrfti tónlistarkunnáttu, reynsla og áhugi að vera til staðar. Að reiða sig hins vegar eingöngu á kunnáttu og fræði getur þó sett manni þröngar skorður. Kunnáttu takmarkast við það sem aðrir menn hafa gert. Segja mætti að sá, sem nýtir einungis kunnáttu sína en ekki sköpunargáfu, muni aðeins semja tónlist sem hljómar kunnuglega, tónlist sem einhver annar gæti hafa samið. Enda þótt ekkert sé að því, ef sá og hinn sami hefur gaman af slíku, vilja ábyggilega flest tónskáld búa til tónlist sem hljómar eins og þeirra eigin; sem sagt persónulega tónlist. Margir hallast að því að hið persónulega við tónlist tónskálda sé líklega notkun aðferða og þróunarferli þeirra til þess að miðla þeirri fagurfræði og sýn sem tónskáldin hafa á listina og lífið.

Í þessari ritgerð verður skyggst inn í hugarheim þriggja tónskálda, sem vinna á mismunandi sviðum og beita ólíkum aðferðum við tónsköpunina. Reynt verður að kynnast tónsmíðaaðferðum, fagurfræði og viðhorfum hvers þeirra til tónsköpunar. Könnuð verða sérstaklega tengsl hvers og eins við þau tól og aðferðir sem viðkomandi beitir; því að sérstakt samtal á milli sköpunarkraftsins og kunnáttunnar þarf að eiga sér stað eins og áður hefur komið fram. Með allt þetta að leiðarljósi verður reynt að komast að því hvernig tónskáld á 21. öld fær útrás fyrir listræna sýn sína og hvort mótar tónskáldið meira, fagurfræðin eða aðferðirnar sem það beitir og hvert samspil þeirra er.

## 1. Fagurfræði

Viðfangsefni fagurfræðinnar er öll fegurðarreynsla manna, í hvaða mynd sem hún birtist. Þessi skilgreining er víð og er það með vilja gert. Hún tekur jafnt til náttúrafegurðar og listfegurðar, en margir fagurfræðingar takmarka íhugun sína við listfegurð. Við tölum ekki aðeins um fagurt ljóð, fagurt lag eða fagurt málverk, heldur einnig um fallett sólarlag, fagurt landslag, falleg dýr og jurtir svo að dæmi séu tekin. Það er því staðreynd, að bæði tilbúnir hlutir, þ.e. hlutir sem maðurinn hefur búið til, og náttúran sjálf, eru þess megnug að vekja upp fegurðarkennd.<sup>1</sup> Menn töldu á átjándu öld í Evrópu lengst af að list ætti umfram allt að gegna samfélagslegu og hugmyndafræðilegu hlutverki; hún væri ætluð til að kenna, til að boða kristna kenningu eða þankagang upplýsingarinnar.

Vendipunktur varð í evrópskri fagurfræði með þriðja gagnrýnisriti þýska heimspekingsins, Immanuel Kant (1724-1804), *Kritik der Urteilskraft*, eða *Gagnrýni dómgreindarinnar*, sem kom út árið 1790. Í því riti skipa tilfinningar og fegurðin hinn æðri sess ásamt ímyndunaraflinu sem hafði loks fest sig í sessi í ríki listanna. Með þessu riti leggur Kant grunn að þeirri hugmynd, sem hefur verið tengd rómantískri fagurfræði, að skáld móti eigin heim með ímyndunarafli sínu og frumleika, heim sem sé þrunginn merkingu.<sup>2</sup> Heimur listarinnar er óendanlega fjölbreyttur. Hann geymir betur en nokkuð annað auðlegð mannlegrar reynslu.<sup>3</sup>

Í hverri listgrein eru notuð sérstök tjáningartæki. Í tónlist eru það tónar og hljóðblær, í myndlist form og litir og í skáldskap orð. Efniviður allra lista er tilfinningareynsla listamannsins, og hann tjáir þessar tilfinningar með óteljandi blæbrigðum. Ef við lýsum þeim tilfinningum, sem við upplifum fyrir tilvernað ýmissa lista, kemur ekki einungis fegurð upp í hugann. Sumt finnst okkur háleitt, annað stórfengt, hörmulegt, skoplegt eða yndislegt svo að fáein dæmi séu nefnd. Það mætti með sanni segja að þessi miklu blæbrigði séu tiltekin fegurð sem listamaðurinn tekst á við. Hvaða skoðun sem menn hafa á þessu er víst að fegurð er persónubundin og birtist okkur í

---

<sup>1</sup> Símon Jóh. Ágústsson. *List og fegurð*. (Reykjavík: Hlaðbúð, 1953), bls. 7.

<sup>2</sup> Þröstur Helgason. „Skáldið skapar heiminn.” *Lesbók Morgunblaðsins*, 7. júní 1997, 14.

<sup>3</sup> Símon Jóh. Ágústsson. *List og fegurð*, bls. 9.

óendanlegri fjölbreytni. Hlutverk fagurfræðinnar er að gera grein fyrir fegurðarreynslu manna, hvort sem um náttúrefegurð eða listfegurð er að ræða.<sup>4</sup>

---

<sup>4</sup> Símon Jóh. Ágústsson. *List og fegurð*, bls. 9.

## 2. Aðferðir og fagurfræði þriggja íslenskra tónskálda

### 2.1 Spurningar

Á þessum síðum verður skyggnt verður inn í hugarheim þriggja íslenskra tónskálda. Þau eru Kristín Björk Kristjánsdóttir, betur þekkt sem Kira Kira, Úlfar Ingi Haraldsson og Jesper Pedersen. Eins og áður kom fram verður leitast við að skilja tónsmíðaaðferðir og tónsmíðaferli tónskáldana og hvorttveggja sett í samhengi við fagurfræði og listsýn þeirra. Til þess að fanga upplýsingarnar úr heilabúi þremmenningana voru fimm stuttar spurningar bornar upp.

1. *Á hvaða hátt ræktar þú skapandi hugsun þína og hvað veitir þér innblástur?*

Með þessari spurningu er reynt að fræðast um sköpunarþörf tónskáldsins. Hún kann að fela í sér sérstaka fagurfræði og listsýn, en þó einnig verið praktísk. Með því að kynna listrænum drifkrafti sem og þörfum viðkomandi tónskálds til tónsköpunar má setja það í samhengi við listina og aðferðir þess til að skilja þær og tónskáldið betur.

2. *Hvernig sérð þú list þína þróast á næstu árum og hvað finnst þér aðkallandi?*

Þessi spurning er að vissu leyti nokkurs konar ítrekun á hinni fyrstu. Ætlar tónsmiðurinn að vera trúr sýn sinni og aðferðum og halda áfram á svipaðri braut, eða langar hann kannski að breyta um stefnu? Er framtíðin ef til vill ferðalag í gegnum þokumökk þar sem tónskáldið gengur blint út í óvissuna. Hvert sem svarið er gefur spurningin frekari sýn inn í viðkvæman hugarheim tónskáldsins.

3. *Hver er hinn persónulegi þráður í verkum þínum og hvernig endurspeglast hin persónulegu einkenni þín í tónsköpun þinni?* Persónuleg einkenni listamannsins endurspeglast meðal annars í aðferðum, fagurfræði og tilhneigingum hans og því er áhugavert að kanna hvað tónskáldið sjálft hefur að segja um einkenni sín og hvernig þau koma fram í öllu tónsmíðaferlinu.

4. *Á hvaða hátt hefur tæknin og þau forrit, sem þú notar, áhrif á skapandi hugsun þína?* Með ört vaxandi tækninotkun við tónsköpun er óhjákvæmilegt að hún hafi áhrif á tónsmíðaaðferðir tónskálda. Mörg tónskáld vinna markvisst með tæknina og sum jafnvel eingöngu með hana. Sumum er tæknin sjálf innblástur og aðaluppistaða í listrænni sýn viðkomandi. Af þessum ástæðum er óhjákvæmilegt að spyrja nútímatónskáld þessarar spurningar ef kynnast á aðferðum og fagurfræði þess betur.



Fimmta og síðasta spurningin er ögn breytileg eftir því hvert tónskáldanna þriggja á í hlut vegna þess hve ólík þau eru, en hefur þó svipaðan kjarna sem mætti orða á eftirfarandi hátt: 5. *Hvers vegna notar þú þessar tónsmíðaaðferðir og finnst þér þær vera rammi sem getur verið freistandi að brjótast út úr?* Með þessari spurningu er reynt að sjá hvort samhengi er á milli tónsmíðaaðferða og fagurfræði viðkomandi og ættu fyrstu fjórar spurningarnar að hafa gefið það skýra mynd af þessu tónskáldi, að það sé nokkuð hægur leikur. Þessar fimm spurningar gefa vonandi góða mynd af samhengi tónsmíðaaðferða og fagurfræði eða listsýn tónskáldanna og verður reynt að setja þær upplýsingar í enn stærra samhengi og komast að einhverri niðurstöðu.

## 2.2 Kristín Björk Kristjánsdóttir (Kira Kira)

Kristín Björk Kristjánsdóttir (f. 1977), betur þekkt sem Kira Kira, er tónskáld og myndlistarkona. Hún var ein af upphafsmeðlimum Tilraunaeldhússins sem var vettvangur fyrir tilraunir í tónlist og útgáfu og lagði áherslu á samstarf og samruna listmiðla. Kira Kira spratt upp úr þessari hreyfingu og hefur anda hennar enn að leiðarljósi; blíðan, svartan húmor og ljóðrænan gáska þar sem samband framsækinnar hljóðlistar við aðra listmiðla er í brennidepli. Hún semur tónlist fyrir leikhús, kvikmyndir, dansverk og myndlist auk þess að flytja verk sín á alþjóðlegum vettvangi.<sup>5</sup>

Kristín segir að það þurfi að vera til rými fyrir skapandi hugsun. Hún býr það til að mynda til með því að hugleiða, iðka jóga og fara í gönguferðir. Hún segist fá afar margar hugmyndir hvern dag. „Ég leitast við að beisla hugmyndirnar sem ég fæ í stað þess að þær hrúist upp í einhvern vegg sem verður að einhvers konar hindrun eða einhverju sem er fyrir mér.” Samtöl og samskipti við annað fólk veita henni einnig innblástur, en hún hefur alltaf verið mikið fyrir samstarf og segist hafa lært mjög mikið af samvinnu og samskiptum við annað tónlistarfólk. Kristín segir að henni finnist hjálplegt að fá útrás fyrir sköpunarkraftinn án þess að vera undir pressu og talar þá t.d. um ljósmyndun í því samhengi. „Það er engin pressa utan um það að ég taki ljósmyndir, það er enginn sem býst við því að ég sé frábær ljósmyndari. Ég tek bara ljósmyndir og hvað með það? Ég þarf á

<sup>5</sup> „Kristín Björk Kristjánsdóttir.” *Listasafn Árneseinga*, 20. nóvember, 2016.

<http://www.listasafnarneseinga.is/list/listamenn/137-kristin-bjork-kristjansdottir.html>

svoleiðis skapandi útrás að halda; þar sem ég er bara að leika mér,” segir hún. Hvað er það eiginlega sem drífur listamenn áfram? Til hvers eru þeir að fást við list en ekki aðeins að horfa á sjónvarpið eða læra lögfræði? Kristín segir að ef okkur finnst við hafa eitthvað fram að færa, sem gæti gert heiminn að betri stað, þá eigum við ekki að hika við að gefa það frá okkur. Henni finnst hún hafa margt fram að færa og vonast til að tónlistin sín sé einhverjum til góðs, en óhætt er að segja að hún sé það. „Þetta er eins og í veislum þegar fólk kemur með það besta, sem það hefur fram að bjóða, á hlaðborðið. Í tónlistinni er ég alltaf er að reyna að bjóða fram mitt besta,” segir Kristín. Hún hefur alltaf haldið mikið upp á orðið *skemmtikraftur*; kraftinn að skemmta öðru fólki. Segja má að það sé nokkurs konar ofurkraftur. Hún segir að listamenn séu skemmtikraftar og gleðigjafar samfélagsins og að það sé heldur betur mikilvægt hlutverk. Kristín segir að ein aðalástæða þess hún semji tónlist sé áhugi hennar á heilunar- og lækningarmætti tónlistar. Hún hugsar mikið um þetta í tónsköpun sinni og sé í raun í sífelldri rannsóknarvinnu hvað þetta varðar, og muni tvímælalaust halda áfram að vinna með slík viðfangsefni í framtíðinni. Óhætt er að segja að þetta endurspegli að miklu leyti fagurfræði Kristínar og sýn hennar á tónsköpun. Hún segir áhuga sinn á kvikmyndum sem tónlistarmiðli hafa aukist töluvert upp á síðkastið og hana langar til að þess að semja meira af slíkri tónlist í framtíðinni. Hún hefur heillast mjög af því hvað kvikmyndir ná til breiðs hóps fólks og þess vegna hefur hún trú á því að kvikmyndatónlist hennar nái að setja bros á varir fólks sem annars muni aldrei kynnast tónlist hennar. Að miðla jákvæðri orku og hinu góða, sem tónlist hennar getur fært fólki víðs vegar um heiminn, skiptir Kristínu miklu máli.

Augljóst er að Kristín sér mikla fegurð í hinu andlega. En hver er persónulegi þráðurinn í verkum hennar? Kristín segir það vera innsæið. Tónsmíðaaðferð hennar byggir aðallega á spuna og undirbúningsvinnan fyrir samningu verkanna er nokkurs konar spuna- og upptökufarli. „Persónulegi þráðurinn er að ná kjarnanum úr samtalinu við innsæið og vera vakandi fyrir því hvað vill koma fram á náttúrulegan hátt.” Hún segir tónlist sína ávallt hafa verið mjög ólínulega og óútreiknanlega og svo sé enn. Oft kemur eitthvað aðeins einu sinni fyrir í verkum hennar. „Það er stundum eins og verk, sem ég geri, samanstandi af mörgum smærri verkum, en mér hefur alltaf þótt það mjög heillandi. Þá fer hlustandinn í ákveðið ferðalag þar sem hann stoppar aðeins einu sinni á hverjum viðkomustað,” segir Kristín. Hún segir tónsmíðaaðferðir, sem byggja á mikilli undirbúningsvinnu sem og úrvinnslu fárra hugmynda, langt frá aðferðum hennar. „Ég get haft mjög gaman af því að hlusta á slíka tónlist, samanber t.d. Jóhann Jóhannsson, en ég

hef hvorki þolinmæðina né áhugann á að gera slíka tónlist sjálf,” segir Kristín. „Að hlusta á tónlistina mína er kannski svolítið eins og að vera með bundið fyrir augun og vita ekki hvað sé framundan,” bætir hún við. Óvissa og innsæi koma þannig skýrt fram í verkum Kristínar, þau eru óvissuferðir sem verða til í upptökuferlinu.

En hvernig vinnur Kristín úr upptökunum og hvernig beitir hún tækninni í tónsköpuninni? Kristín notast aðallega við tvö forrit, *Ableton Live* og *Pro Tools*. Ableton er leikvöllurinn, þar sem Kristín mótar hljóðskúlptúr og hefur mikið rými fyrir leik og hið óvænta. Aftur á móti notar hún Pro Tools fyrir upptökur og til að raða öllu efninu saman. Kristín segir forritin ekki endilega hafa mikil áhrif á skapandi hugsun sína en hins vegar finnur hún að ef hún gerir eitthvað frá grunni í Ableton Live endi það oft á því að vera mjög lykkjukennt („loop“-kennt). Enda þótt það geti verið ágætt við og við er þetta ekki það sem hún vill að forritið ýti sér út í. Það er mjög skiljanlegt þar sem Kristín sér mikla fegurð í hinu óvænta, en lykkjur vinna gegn þeirri fagurfræði. Hún vill að forrit og tækni tali við hugmyndir og sýn hennar. Forrit og tækni megi ekki mynda of takmarkaðan ramma til að vinna innan, þó að slíkt geti vissulega hentað sumum. Þess vegna sé henni nauðsynlegt að vinna í þessum tveimur forritum.

Hvað með tónsmíðaaðferðirnar sjálfar? Flestar tónsmíðaaðferðir, eins og til að mynda hefðbundin nótnaskrift, eiga það til að setja menn í sérstakan ramma sem þægilegt getur verið að vinna innan eða þá freistandi að brjótast út úr. Mætti segja eitthvað svipað um spunann eða er hann alveg frjáls og laus við alla umgjörð? Kristín segir að heimur spunans sé ekki endilega svo frábrugðinn heimi nótnaskriftarinnar og megi vel sameina þessa heima. Hún hefur einstöku sinnum samið með spuna og upptökum en síðan nótnasett eftir á fyrir hljóðfæraleikara. „Svo það er alveg hægt að vinna saman með þessar aðferðir og stíga út fyrir þann ramma sem manni finnst þægilegast að vinna innan,” segir Kristín. „Það er alveg hægt að skrifa út raftónlist fyrir lifandi hljóðfæraflutning ef viljinn er fyrir hendi. Vissulega hentar þó sum raftónlist betur í það heldur en önnur,” bætir hún við. Þó að Kristín elski að spinna og noti nánast eingöngu spuna í tónsmíðum sínum segir hún að mjög gott sé að búa yfir fleiri tólum og aðferðum. Hún segist t.d. hafa fengið tækifæri fyrir nokkrum árum að semja fyrir fimmtán manna hljómsveit frá Los Angeles. Verkið, sem Kristín samdi fyrir þessa hljómsveit, kallast *Call it Mystery* og segist Kristín vera mjög ánægð með útkomuna. Verkið er einmitt samið með spunaaðferð en svo nótnasett eftir á. „Ég fékk að hitta hópinn tvisvar sinnum, korter í senn. Þess vegna hefði þetta aldrei gengið nema ég hefði nótnasett verkið. Því getur verið mjög mikilvægt að búa yfir fjölbreyttum

aðferðum ef svona góð tækifæri bjóðast,“ segir Kristín. Varðandi frelsi og ramma spunans segir hún að spuni geti verið alveg jafn leiðinlegur, langdreginn og óspennandi og hann geti verið gefandi, hvetjandi og skemmtilegur. „Það má líkja spuna við samræður. Þær geta verið hrikalega leiðinlegar eftir tíu mínútur eða maður getur alveg gleymt sér í samræðunum klukkustundunum saman,“ segir Kristín.

Auðséð er að Kristín sér mikla fegurð í hinu ósýnilega og óáþreifanlega. Hún treystir mikið á innsæi og reynir að nýta orku og strauma í kringum sig í tónsköpuninni. Tónlist er einmitt ósýnileg og óáþreifanleg og tengist því að nokkru leyti þessum öflum sem eru kannski yfir skilning okkar hafin. Sumir trúá að menn gefi frá sér orku sem hafi áhrif á annað fólk; að þeir geti gefið frá sér einhvers konar strauma sem geti haft jákvæð eða neikvæð áhrif, jafnvel lækandi áhrif, fyrir hvort tveggja sál og líkama. Ef til vill má miðla slíkri orku með tónlist og kannski hefur hún verið til staðar í tónlist frá örófi alda, hver veit? Þetta eru heillandi vangaveltur og byggir Kristín fagurfræði sína að miklu leyti á slíkum hugmyndum. Líklega mótar fagurfræðin Kristínu meira en aðferðirnar út frá listrænu sjónarmiði. Spuninn og upptökurnar virðast vera náttúrulegar leiðir til þess að miðla þessari sýn, en Kristín leggur einmitt ríka áherslu á að hlutirnir gerist á náttúrulegan hátt. Aðferðirnar virðast því ætlaðar til að miðla þeirri orku og straumum sem má finna á hverjum stað og hverri stund, ýmist með spuna eða upptökum.

### 2.3 Úlfar Ingi Haraldsson

Úlfar Ingi Haraldsson (f. 1966) hóf að fást við tónlist um 1979 og stundaði nám á 9. áratugnum við Tónlistarskóla FÍH og Tónlistarskólann í Reykjavík. Hann nam og starfaði síðar við University of California í San Diego þaðan sem hann lauk doktorsprófi í tónsmíðum og tónfræðum árið 2000. Hann hefur á undanförunum árum starfað sem tónskáld, bassaleikari og stjórnandi ásamt því að sinna ýmiss konar kennslu tengdri tónlist. Verk hans hafa verið víða flutt, bæði í tengslum við ýmsar tónlistarhátíðir og á tónleikum fjölda listamanna og hljómsveita á Íslandi og erlendis.<sup>6</sup>

Innblástur getur birst listamanninum í ýmsum myndum; í tónlist, myndlist, ljóðlist

---

<sup>6</sup> „Úlfar Ingi Haraldsson.“ *Ísmús*, 20. nóvember, 2016.  
<http://www.ismus.is/i/person/id-1006068>

eða lífinu sjálfu. Það sem veitir Úlfari aðallega innblástur eru ljóðrænar og andlegar tengingar. „Ég er sífellt í leitinni að fegurðinni, ákveðinni tegund af fegurð kannski,” segir Úlfar. Hann leitar mikið í ljóðræna texta en ekki síður í heimspekileg skrif, sem reyna á hugsunina og snúast oft upp í áhugaverðar hugleiðingar. Tilveran sjálf veitir honum svo vitaskuld einnig innblástur. „Ég er ekki svo upptekinn af þjóðfélagslegum eða pólitískum tengingum. Fyrir mér hefur listsköpunin alltaf snúist um tengingar við eitthvað annað, eitthvað handan við það,” segir hann. Úlfar segir listsköpunina stundum vera hálfgerða alkemíu; þ.e.a.s. að búa til eitthvað eftir leyndum lögmálum og reglum. Þar sé fengist við tiltekin sambönd, tengingar og strúktúr sem eru hulin, en liggur samt einhversstaðar á bak við. Honum finnst þetta í samræmi við tilveruna, en allt í kringum okkur eru sambönd og lögmál sem eru okkur hulin. Því mætti kannski segja að samband listamannsins við eigið sköpunarverk sé í samræmi við samband guðdómsins við sköpunarverk hans. „Ekki að maður vilji líta á sig í guðdómlegu samhengi, alls ekki, heldur er áhugavert að velja þessu sambandi fyrir sér,” segir hann. „Það sem drífur mann áfram er kannski leitinn að aðferðum, lögmálum og leiðum til þess að móta þessa sýn sem maður hefur. Þó getur drifkraftur birst í mismunandi myndum sem er kannski ekki alltaf hægt að útskýra,” bætir hann við. Drifkrafturinn er þá kannski leitinn að því sem menn vilja ná fram í tónlist, leitinn að listrænni fegurð, sem er vissulega mjög persónubundin. Eins og Úlfar segir er drifkrafturinn ekki endilega svo auðskiljanlegur heldur getur hann verið eitthvað innra með okkur sem ekki er auðvelt að útskýra.

Hvernig sér Úlfar list sína þróast á næstu árum og hvað finnst honum brýnast að gera? „Ég sé hana þróast í ákveðinni línu við það sem ég hef verið að gera á undanförunum árum,” segir Úlfar. Hann segist hafa fjarlægst stíl og leiðir sem áður voru honum hugleiknar, einkum á tíunda áratugnum. Sérstaklega hvað varðar strúktúr en hann vann og þældi mikið í strúktúr á þeim tíma, bæði í stóru og smáu samhengi. „Ég hef komið mér frá þessu og farið mikið í átt að því sem sumir myndu kalla aðgengilegri tónlist sem tengir saman hefðbundnari tónlist í hefðbundnum tóntegundum við abstrakt og atónal form,” segir Úlfar. Í framtíðinni vill hann finna nýjar leiðir og prófa sig áfram með blöndun og litbrigði, til að mynda í hljómsveitartónlist. Hann finnur sterkar tengingar á milli tónlistar og myndlistar, þar sem blanda megi saman litum á óteljandi vegu og leita endalaust að nýjum áferðum og blæbrigðum.

Úlfari er alls konar listsköpun augljóslega mjög hugleikin; hann er sannkallaður listunnandi. Það sést langar leiðir að Úlfar lifir fyrir listina. Hvernig finnst honum eigin

persónuleiki birtast í tónsköpun sinni? „Ég held að fyrir alla birtist nokkurs konar spegill í tónlistinni, það birtast karaktereinkenni og ákveðnar tilhneigingar,” segir Úlfar. Hann segir að verk sín endurspegli sýn sína á tónlistarsöguna, tónlistaráhrif og tónlistaruppeldi. Frá því að einhver byrjar að fást við og nema tónlist fer hann í gegnum alls konar skeið og fasa. Úlfar segist reyna að finna sérstakt samtal og samhengi á milli þessara ólíku skeiða og áhrifa. „Í verki sem maður skrifar felst kannski ákveðinn söguþráður sem vísar til baka í ákveðið þróunarferli á gildismati,” segir Úlfar. Hann talar um strengjakvintett sem hann skrifaði í þessu samhengi þar sem hann blandar hefðbundnu tónmáli saman við óvenjulega skala og atónal efni. Kvintettinn hefur einnig tilvísun í Bela Bartok með þjóðlegri tónlist á köflum. „Kvintettinn snertir því á ýmsu,” segir hann og þetta verk var rannsókn á því sem hann vildi takast á við á þeim tíma. „Þegar ég horfi til baka er þetta ákveðinn spegill fyrir þennan tíma og í dag finnst mér þessir hlutir sem fléttuðust þarna inn í enn þá áhugaverðir, þótt ég myndi nálgast þá öðruvísi í dag,” segir Úlfar. Áhugavert væri því að sjá hvernig Úlfar mundi nálgast þetta efni nú og bera saman við eldri kvintettinn. Hvernig hafa aðferðir, áferð og gildismat þróast og breyst?

Ólíkt Kristínu, sem er upp á tæknina komin hvað varðar úrvinnslu á upptökum, er Úlfar ekki alveg á sama stað þar sem hann hefur aðallega fengist við þá hefðbundnu nótnaskrift sem tíðkaðist áður en nótnaskriftarforrit urðu til. Þó hefur hann ýmsa fjöruna sopið og býr ábyggilega yfir meiri reynslu en flestir. Hann hefur meðal annars unnið með hljóðvinnsluforrit, spuna og fylgst glögg með tækniþróuninni um árabil. Úlfar segist una sáttur við hefðbundna nótnaritun í grunninn og segir nótnaforritin sem slík ekki takmarkandi. Hann segist alls ekki vera ósáttur við tæknina, með henni megi fara í óteljandi áttir sem ekki voru mögulegar áður fyrr. „Mér finnst tæknin vera ákveðin viðbót en þó er ég alltaf að vega og meta hvort henti betur að vinna eitthvað ákveðið á tölvuna eða einfaldlega í handriti,” segir Úlfar. Hann er án efa ekki einn um þetta. Það getur verið mikill munur á því að vinna úr efni og hugmyndum í handriti eða í nótnaskriftarforriti; þess vegna er líklega best að tileinka sér hvort tveggja. Þannig geta tónskáld í hvert sinn vegið og metið hvort hentar betur því efni sem unnið er með, eins og Úlfar nefnir sjálfur. Tónskáldið hafi þó aldrei fulla stjórn á forritinu, áhrifin séu gagnkvæm. Forritið leiði hlutina í tiltekna átt og virki sem rammi. „Maður þarf sífellt að vega og meta hvenær maður vill stíga út fyrir rammann og í sumum tilfellum getur það stuðlað að baráttu við tæknina. Hins vegar hef ég ekki lent upp á kant við tæknina, heldur litið á hana sem heillandi viðbót eða miðil, þá bæði í tengslum við nótnaskriftarforrit sem og kannski

sérstaklega upptökuforrit,” segir Úlfar. Hann segir einn helsta vandann við tæknina vera tengingu nótnaritarunar við afspilun, og eigi margir erfitt að setta sig við það. Nótnaskriftarforritin miði að mestu leyti við hefðbundna nálgun og hugbúnaðarhljóðfærin geri hljóðheiminum óljós skil. „Ég get stundum séð þetta sem óæskilegan hlut í sambandi við nemendur í ákveðnu mótunarferli, því þetta getur haft ansi mikil áhrif á hvernig viðkomandi þróar sína list,” segir Úlfar. Þrátt fyrir að hafa aldrei lent upp á kant við tæknina segist hann ánægður að hafa upplifað tímann fyrir forrit og hugbúnaðarhljóðfæri. Þá þurftu menn að ímynda sér og heyra fyrir sér það sem þeir voru að gera. „Það reyndi á mann að heyra hlutina fyrir sér, svo þegar að kom að því að upplifa þá voru þeir kannski í samræmi við það sem maður hafi ímyndað sér en stundum alls ekki. Í gegnum slíka reynslu þroskaðist smátt og smátt innra eyrað og finnst mér mjög gott að hafa byggt á þeim grunni,” segir Úlfar.

Hvað finnst Úlfari um þann ramma sem forrit og aðferðir geta sett hann í þegar tónsköpun hans á í hlut? Úlfar er sáttur að vinna innan þess ramma sem aðferðir og forrit mynda, því að annars mundi hann ekki velja þær/þau. Hann segist samt alveg skilja tilhneigingar til að brjótast út úr rammanum. Að vinna með vissan miðil og aðferðir sé um leið áskorun fyrir viðkomandi að brjóta þær af sér og þenja til hins ítrasta. „Ég hef vanalega verið sáttur við að vinna með það efni sem ég gef mér í upphafi og finnst það á margan hátt frelsandi frekar en ég þurfi að brjótast út úr því,” segir hann.

Fyrir Úlfari er listin eitthvað handan við okkur sjálf, eitthvað miklu stærra. Hann er ekki svo upptekinn af því að áhorfendur verði fyrir einhverri sérstakri upplifun heldur eru það ferlin, áferðir og tengingar innan tónlistarinnar sem skipta hann máli. Hvert verk sé spegilmynd af honum sjálfum, það endurspegli þann stað, gildismat, aðferðir og áferðir sem skiptu Úlfar máli á hverju tímaskeiði. Honum er mjög umhugað um það tónlistarlega ferli sem hann hefur gengið í gegnum og nýtir það afar meðvitað í tónsköpuninni. Úlfar er sífellt í leit að fegurðinni, hann sér hljóðfærin og allan hljóðheiminn sem litapallettu, þar sem blanda má litunum saman á óteljandi vegu. Hjá Úlfari felst fegurðin að miklu leyti í að prufa og finna nýjar og áhugaverðar blandanir með þessari litapallettu, en eins og hann sagði ætlar hann að halda ótrauður áfram með tilraunir á litbrigðum í til að mynda hljómsveitartónlist.

## 2.4 Jesper Pederssen

Jesper Pedersen fæddist 1976 í Friðrikshöfn í Danmörku. Hann er með meistaraþráðu í tónsmíðum frá Álaborgarháskóla. Auk þess að stunda tónsmíðar er hann kennari við Listaháskóla Íslands og Tónlistarskólann í Kópavogi. Í verkum sínum kannar Jesper hljóð, myndefni, viðbrögð, árangur, tækni og rauntíma nótnaskrift. Verk hans hafa verið flutt af til að mynda Sinfóníuhljómsveit Íslands, Ensemble Adapter og Duo Harpverk og mörgum fleirum á ýmsum tónlistarhátíðum. Jesper er meðlimur í tónskáldahópnum SLÁTUR en sá hópur einblínir aðallega á notkun grafískrar nótnaskriftar sem og gagnvirkni á milli tónlistarinnar sjálfar og áheyrenda hennar.<sup>7</sup>

Innblástur er Kristínu og Úlfari eitthvað andlegt og kemur frá andlegum stað en svo þarf ekki alltaf að vera. Jesper segir það vera mjög misjafnt hvernig hann fái innblástur. Hann segist oft fá pantanir og þá sé það skilafrestur og pressa sem drífi hann áfram. Síðasta pöntunin var tónverk fyrir fimm tomtom-trommur. „Hvað gerir maður með þetta hugsaði ég í fyrstu, þetta er örugglega erfitt og leiðinlegt. Ég reyndi samt að eyða þessum hugsunum sem fyrst því það gengur ekki að hugsa svona. Það er hægt að gera skapandi og áhugaverða hluti með flest allt ef maður bara reynir,” segir Jesper. Þar sem hann hefur mikinn áhuga á að vinna með tækni í tónsköpun sinni ákvað hann að láta vélmenni leika með í verkinu. „Fyrst ætlaði ég að gera raftónlist sem yrði spiluð í bakgrunninum en mér fannst það of týpísk nálgun. Svo af hverju ekki að láta vélmenni spila með slagverksleikaranum. Það er sköndin upplifun fyrir áhorfendur, en ég hef mjög gaman af því að blanda húmor inn í verkin mín,” segir hann. Jesper líkir sköpunarkraftinum við neista sem þurfi að viðhalda. „Maður þarf sífellt að vera að gera eitthvað til að halda þessu við. Um leið og maður tekur sér frí frá því að semja er erfitt að koma sér aftur í gírinn þegar maður byrjar á ný, þetta er viss þjálfun,” segir Jesper. Því mætti ef til vill líkja tónskáldum við íþróttamenn að einhverju leyti. Íþróttamaður, sem ætlar að ná toppárangri í íþrótt sinni, þarf að æfa vel og helst daglega til að viðhalda forminu. Jesper segist hafa tekið sér frí frá tónsmíðum í rúmt ár þegar sonur hans fæddist og að endurkoman hafi verið honum mjög erfitt og tekið langan tíma að komast aftur í gang. „Boltinn verður að rúlla,” segir hann.

Jesper segist langa til að þróa vélmennahugmyndina enn frekar á komandi

---

<sup>7</sup> „Jesper Pedersen.” *Kirkjulistahátíð*, 20. nóvember, 2016.  
<http://kirkjulistahatid.is/jesper-pedersen/>



misserum, en hann hefur ýmis framtíðaráform. „Mig langar til að vinna meira með gagnvirkni á milli manneskja og véla, svo er ég líka búinn að vera í miklum rýmispælingum undanfarið,” segir Jesper. „Ég er líka reglulega að leika mér við að smíða hljóðgervla en mig langar að fara lengra með það og kannski spila eitthvað sóló með þá. En ég er allavega ekki að fara semja óperu eða eitthvað þannig. Nema það sé þá vélmennaópera,” bætir Jesper við. Hver er annars hinn persónulegi þráður í verkum Jespers og hvernig koma persónuleg einkenni hans fram í tónsköpuninni? Jesper finnst nokkuð snúið að svara þessu. „Þú ættir kannski að spyrja þá sem þekkja mig best,” segir hann. „Ég greinilega þekki sjálfan mig ekki nógu vel,” bætir hann við. Jesper segir að auðvitað séu menn jafnan að gera eitthvað persónulegt og út frá sjálfum sér en það sé kannski ekki alltaf svo einfalt að sjá það. „Það sem nánast öll mín verk eiga sameiginlegt er húmorinn sem fléttast inn í þau að einhverju leyti,” segir hann. „Oftast er það viljandi en stundum alveg óvart, svo það er eitthvað sem gæti kallast persónulegt einkenni.”

Auðvelt er að skynja að tæknin er Jesper ein helsta uppspretta innblásturs, ólíkt Kristínu og Úlfari. Hann vinnur markvisst með tækni og nýtir sér eiginleika hennar út í hörgul. Segja má að tölvan sé aðalhljóðfæri og verkfæri hans. Hvað finnst honum um áhrif tækninnar á sköpunarferlið? „Tæknin hefur vissulega mikil áhrif á sköpunarferlið,” segir Jesper. „Þetta er bara eins og með öll tól sem maður beitir í tónsköpun, þau eru aldrei hlutlaus og lita alltaf það sem maður gerir.“ Jesper segir að í því ljósi sé nauðsynlegt að kunna vel á forritin; að eiga samtál við þau frekar en að láta þau teyma sig áfram. „Þetta er bara spurning um hvaða stjórn maður hefur á forritinu og hvaða stjórn það hefur á manni sjálfum,” segir hann. Hann segir að ef til vill væri best að vera mjög flinkur forritari til að geta búið til eigin forrit og sniðið þau að eigin þörfum. Hann bætir svo við að það sé alls ekki nauðsynlegt heldur megi gera mjög margt af skapandi og persónulegum hlutum með þeim forritum sem til eru, þótt menn hafi kannski ekki fullt vald á virkni þeirra. Jesper hefur notast mjög mikið við grafíska nótnaskrift og nýtir tæknina þannig til þess að búa til eigið listrænt tungumál. Hvers vegna finnst honum grafísk nótnaskrift svona heillandi? Jesper segist ekki vera ýkja hrifinn af hefðbundinni nótnaskrift og segir hana alls ekki þjóna hugmyndum sínum. „Í tónlistinni minni er ég aðallega að pæla í hljóðblæ, hljóðmassa og upplifun áhorfenda. Tónhæðir og sambönd þeirra skipta mig ekki svo miklu máli. Fyrir tónlist mína er grafísk nótnaskrift nánast fullkomin,” segir Jesper. Hann segist einnig leitast við að ná fram náttúrulegum hryni í tónsmíðum sínum, og að grafík henti einkar vel við slíka nálgun. Einfalt dæmi sé t.d. verk þar sem ljós eru látin blikka fyrir

hvern hljóðfæraleikara og gefa til kynna hvenær hann eigi að spila. Ljósín gætu meira að segja blikkað á handahófskenndan hátt sem sé augljóslega aldrei hægt í hefðbundinni nótnaskrift. „Það mætti líka alveg segja að ég sé hálfvegis búinn að þróa mína eigin nótnaskrift í gegnum árin. Það er svo heillandi við grafíkina. Maður býr til sitt eigið tungumál fyrir það sem maður vill miðla. En kerfið mitt er samt engan veginn fullkomið fyrir hvaða tónlist sem er heldur virkar sem ákveðinn rammi fyrir þann hljóðheim sem ég leita í,“ segir Jesper. „Þess vegna mun ég halda áfram að þróa það í framtíðinni og auka möguleikana,“ bætir hann við. Hann segir að auk þess sé alltaf markmið að þróa grafísku nótnaskriftina í þá átt að hún geti einnig virkað sem nokkurs konar myndlist. Að samspil nótnaskriftarinnar og tónlistarinnar eigi að vera jákvæð upplifun fyrir áheyrendur. „Mér finnst þessi hefðbundna klassíska tónleikaupplifun ekki svo spennandi heldur vil ég hafa eitthvað til að horfa á. Þá skiptir miklu máli að grafíkin sé flott og bæti einhverju við tónlistina frekar en að taka frá henni,“ segir hann.

Nokkuð ljóst er að Jesper er mjög upptekinn af upplifun áheyrenda/áhorfenda og vill mynda tengingu á milli tónlistar og hins sjónræna. Skemmtanagildi og gleði leika mikilvægt hlutverk í listsköpun Jaspers. Leikur og tilraunir með tæknina eru mjög áberandi og það er eitthvað virkilega hressandi við hugmyndafræði Jaspers í nútímasamfélagi okkar, með öllum hraðanum og stressinu. Tónskáld, sem þora að leika sér með tónlistina og vinna með húmorinn og gleðina, eru ekki á hverju strái.

## Niðurlag

Spurningarnar, sem voru lagðar fyrir tónskáldin, leiddu ýmislegt áhugavert í ljós. Spurt var um innblástur, framtíðina og hinn persónulega þráð í tónsköpuninni og gáfu svörin skýra mynd af aðferðum og fagurfræði þeirra og tengingunni þar á milli.

Kristín trúir að sköpunarkrafturinn sé eins konar orka sem komi til manns, jafnvel eins og súrefni. Kraftinum megi síðan miðla á mjög náttúrulegan hátt, til að mynda í gegnum tónlist, sem geti haft í sér fölginn sérstakan lækningarmátt fyrir hlustandann. Því er ekki skrýtið að hún noti hljóðupptökur og spuna við tónsmíðar sínar. Í spanum getur þessi sköpunarorka flætt óbeisluð og óhindruð í gegnum flytjandann í núinu og með upptökunum má fanga orkuna og heiminn í sinni náttúrulegu mynd.

Fyrir Úlfari hefur listin alltaf snúist um eitthvað stærra en okkur sjálf. Hann nefnir t.d. stjörurnar í því samhengi. Á stjörnuhimninum eru lögmál og sambönd að verki sem

eru okkur hulin og svo langt frá skilningi okkar á heiminum, og kannski þess vegna finnast okkur stjörnumarnar svo magnaðar. Með hefðbundinni nótnaskrift getur Úlfar búið til eigið stjörnukerfi, með tengslum, reglum og lögmálum sem eru kannski hulin hlustandanum en liggja samt til grundvallar og mynda þann heim sem tónverkið er.

Jesper finnst gagnvirkni tækni og manns áhugaverðust í tónsköpuninni. Hann vill beita tækninni til að hafa áhrif á flytjandann sem og öfugt, en það getur leitt af sér áhugaverða tónlist og mikið sjónarspil. Með grafísku nótnaskriftinni getur Jesper látið tæknina hafa áhrif á flytjandann, flutning hans sem og hegðun.

Spurt var um áhrif tækni á tónsmíðar. Þar töluðu þau öll þrjú um að samtal þurfi að eiga sér stað. Samtal á milli tækni, aðferða og þess efnis sem tónskáldið vinnur með. Ef samtalið á sér ekki stað er hætt á að tónskáldið festist í vissum ramma sem forrit og aðferðir kunna að mynda.

Í upphafi var spurt hvort mótar tónskáldið meira, fagurfræðin eða aðferðirnar sem það beitir og hvert samspil þeirra er. Auðvelt er að ímynda sér að þetta sé persónubundið og á ýmsa vegu háttáð. Hvernig málverk mundu Kristín, Úlfar og Jesper mála eða hver yrði skáldskapur þeirra? Líklegt er að fagurfræði þeirra mundi skila sér í hvaða listgrein sem þau stunduðu. Vissulega mótast listsköpun af bakgrunni og uppeldi okkar og þeim aðferðum sem við lærum. Eftir að hafa kynnst tónskáldunum þremur má á hinn bóginn vel komast að þeirri niðurstöðu að það sé eitthvað innra með okkur sem leitast við að rísa upp á yfirborðið; tiltekin fagurfræði og listsýn sem við viljum deila í gegnum listsköpun á sannfærandi hátt. Aðferðirnar koma þá eftir á og tónskáldið velur og mótar þær til að segja það sem það vill segja. Hin listræna ólga og sýn, sem búa innra með okkur, leita sífellt á rétt mið, sama hversu langt í burtu þau kunna að vera. Úlfar sagði: „Það sem drífur mann áfram er kannski leitinn að aðferðum, lögmálum og leiðum til þess að móta þessa sýn sem maður hefur” og það er ef til vill kjarninn í þessu öllu saman; leitinn að aðferðum til að miðla því sem menn hafa að segja á sem mest sannfærandi hátt, sem verður þá nokkurs konar fagurfræði hvers og eins.

Innan hvernar tónsmíðaaðferðar mótar hver og einn eigin leiðir, aðferðir og handverk. Leitinni að fegurðinni með þeim aðferðum sem menn beita og þróa, lýkur aldrei, enda er það leitinn sem drífur okkur áfram. Mun Kristín einhvern tímann þróa list sína svo langt að hún geti miðlað sköpunarkraftinum á svo magnaðan hátt að hann megi lækna alls konar kvilla? Mun Úlfar einhvern tímann semja tónverk sem er okkur jafn hulið og stjörnuhiminninn? Mun Jesper þróa tónlistartungumál þar sem vélar og menn skilja hvorir

aðra á reiprennandi hátt? Svarið við þessum spurningum er sennilega nei, enda skiptir það engu máli heldur er það draumurinn og leitin að fegurðinni sem heldur listinni lifandi. Niðurstaðan er þá að fagurfræði og listræn sýn móta tónskáldið meira en aðferðir sem það notar. Samspilið við aðferðirnar er síðan lykilatriði til þess að miðla þessari sýn á sem mest sannfærandi hátt. Hvert tónverk er tónskáldinu eins og tiltekinn spegill. Kristín, Úlfar og Jesper eiga því tugi spegilmynda sem endurspegla fagurfræði og aðferðir þeirra og samspilið þar á milli og veita innsýn inn í það listræna ferli sem þau hafa gengið í gegnum.

## Heimildaskrá

### Prentaðar heimildir

Þröstur Helgason. „Skáldið skapar heiminn.” *Lesbók Morgunblaðsins*, 7. júní 1997, 14.  
Sótt 2. nóvember 2016,  
<http://timarit.is/files/18351753.pdf#navpanes=1&view=FitH>.

Simon Jóh. Ágústsson. *List og fegurð*. Reykjavík: Hlaðbúð, 1953.

### Vefsíður

„Kristín Björk Kristjánsdóttir.” *Listasafn Árnesinga*, 20. nóvember, 2016.  
<http://www.listasafnarnesinga.is/list/listamenn/137-kristin-bjork-kristjansdottir.html>

„Úlfar Ingi Haraldsson.” *Ísmús*, 20. nóvember, 2016.  
<http://www.ismus.is/i/person/id-1006068>

„Jesper Pedersen.” *Kirkjulistahátíð*, 20. nóvember, 2016.  
<http://kirkjulistahatid.is/jesper-pedersen/>

### Viðtöl

Viðtal við Kristínu Björk Kristjánsdóttur. Viðtalið tók Guðmundur Óli Norland.  
Reykjavík: Listaháskóli Íslands/óútgefið, 14. október 2016.

Viðtal við Úlfar Inga Haraldsson. Viðtalið tók Guðmundur Óli Norland. Reykjavík:  
Listaháskóli Íslands/óútgefið, 20. október 2016.

Viðtal við Jesper Pedersen. Viðtalið tók Guðmundur Óli Norland. Reykjavík: Listaháskóli  
Íslands/óútgefið, 22. október 2016.

